

Ákærði Karl Kristinn Júlíusson greiði til ríkissjóðs 50.000.00 króna sekt, og komi varðhald í 25 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 10.000.00.

Ákærði Ólafur Mogensen sæti fangelsi í 3 mánuði. Hann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 20.000.00.

Upptæk skulu ríkissjóði til handa fíkniefni og tæki til neyslu þeirra, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, þ. e. 113.65 gr. kannabis og 4 reykjarpípur.

Annan sakarkostnað en að ofan greinir greiði ákærðu öll in solidum.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 191/1974: Dráttarbraut Keflavíkur h/f
 gegn
 Eyjólfí Helgasyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Hafning máls. Dómsathöfn úr gildi felld. Heimvisun.

Dómur Hæstarétta.

Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta í Keflavík, og samdómsmennirnir Zakarías Hjartarson og Einar Þorsteinsson hafa framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Með kæru 21. október 1974, sem barst Hæstarétti 6. nóvember s. á., hefur sóknaraðili með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært ákvörðun sjó- og verslunardóms Keflavíkur 10. október 1974 um hafningu máls og greiðslu málskostnaðar til handa stefnda. Gerir sóknaraðili þær dóm-

kröfur, að dómsathöfn þessi verði úr gildi felld. Jafnframt krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sjó- og verslunardómsmál það, sem kærumál þetta er sprottið af, var höfðað með stefnu, birtri 22. júní 1970, og þingfest í sjó- og verslunardómi Keflavíkur 26. júní s. á. Í þinghaldi 21. janúar 1972 lýstu umboðsmenn aðilja yfir, að gagnasöfnun væri lokið. Var síðan bókað í þingbók: „Samkomulag var um að fresta málinu til munnlegs málflutnings, og verður dagur til munnlegs málflutnings ákveðinn síðar og tilkynntur aðilum“. Næst var þingað í málinu 10. október 1974 og þá gerð eftirfarandi bókun í þingbók: „Af hálfu stefnanda er enginn mættur, en af hálfu stefnda er mættur Jón Magnússon, cand. jur.

Lögmönnum aðilja var með bréfi, dags. 23. 8. s.l., tilkynnt, að munnlegur málflutningur í máli þessu væri ákveðinn þ. 3. 10. s.l. kl. 14.00, en vegna anna dómarsins var honum frestað um eina viku, og skilaboðum um það var komið til lögmanna sinnleiðis, og mætti hvorugur þeirra þ. 3. 10. s.l.

Samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 og eftir kröfu umboðsmanns stefnda er málið nú hafið.

Umboðsmaður stefnda gerir þær kröfur, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi stefnanda samkv. taxta L. M. F. I.

Með tilliti til gagnaöflunar stefnda og mætinga í málinu þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Því úrskurðast:

Stefnandi, Dráttarbraut Keflavíkur, greiði stefnda, Eyjólf Helgasyni, kr. 20.000.00 í málskostnað, og greiðist hann innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum“.

Dómsformaður, Guðmundur Kristjánsson bæjarfógetafulltrúi, hefur sent Hæstarétti greinargerð um kærumálið. Segir þar, að hann hafi tjáð lögmanni stefnanda í héraði, Jóni Einari Jakobssyni héraðsdómslögmanni, sinnleiðis hinn 25. september 1974, að munnlegum flutningi málsins, sem ákveð-

inn hafði verið 3. október 1974, yrði frestað. Hann segir sig minna fastlega, að hann hafi í símtali þessu „getað komið því að, að málflutningnum yrði frestað um eina viku og yrði þá á sama tíma“. Dómsformaðurinn segir enn fremur í greinargerð sinni, að hann hafi gert árangurslausar tilraunir til að ná til lögmannsins í síma 27. og 28. september og síðan 4. október til að árétta, að málflutningurinn ætti að fara fram 10. október klukkan 1400. Að lokum kveðst hann hinn 4. október símleiðis hafa beðið starfsmann lögmannsins, Guðmund Brynleifsson „að taka niður skilaboð um áðurgreint og koma þeim til Jóns skriflega“. Hann kveðst enn fremur hafa átt símtal við nefndan Guðmund um miðjan október og hafi Guðmundur þá fullyrft, að hann hefði komið boðunum til lögmannsins.

Lögmaður stefnanda í héraði, Jón Einar Jakobsson, hefur sent Hæstarétti greinargerð um málavexti. Segir hann, að dómsformaður hafi tilkynnt sér símleiðis um frestun málflutningsins og að ákveðið hefði verið, að þeir hefðu „síðar samband um ákveðinn dag til málflutnings“. Lögmaðurinn segir, að Guðmundur Brynleifsson hafi skýrt sér svo frá (dagsetningu man hann ekki), „að Guðmundur Kristjánsson hefði beðið sig að skila því, að einhverjum réttarhöldum hefði verið frestað“. Enn fremur segir lögmaðurinn: „Jafnframt bað hann mig að hringja til Guðmundar, með því að sér væri ekki fullljóst, hvað fyrir fulltrúanum hefði vakað“. Kveðst hann síðan tvívegis hafa reynt að ná til dómsformannsins, en árangurslaust. Guðmundur Brynleifsson hefur vottað með áritun sinni á greinargerð lögmannsins, að þar sé rétt frá skýrt, að því er hann varðar. Lögmaðurinn kveðst síðan ekkert hafa heyrt um málið, uns honum barst hinn 18. október s.l. endurrit af þinghaldinu, þar sem málið var hafið.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður ekki gegn mótmælum Jóns Einars Jakobssonar héraðsdómslögmanns talið sannað, að hann hafi fengið vitneskju um, hvenær hinn munnlegi málflutningur ætti að fara fram, enda gætti dómari eigi fyrir mæla 102. gr. laga nr. 85/1936. Voru því eigi efni til, eins og á stóð, að hefja málið á dómþingi 10. október 1974

og úrskurða stefnda málskostnað. Ber því að fella hina kærðu dómsathöfn úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1974.

Nr. 198/1974: **Lúðvík Gizurarson**
 gegn
Kaupfélagi Rangæinga.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál, Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1974, sem hingað barst 15. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til